

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstud,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Söknuður

Vilhjálmur Vilhjálmsson / Jóhann Helgason



Ég lífi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.




Prestur: Séra Matthildur Bjarnadóttir
Organisti: Jóhann Baldvinsson
Kór: Kvartett úr Kammerkórnum Lux
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og
bjóða viðstöddum að þiggja veitingar að athöfn
lokinni í safnaðarsal kirkjunnar**

Bálför fer fram síðar



Prentun: Litróf



Ása Breiðfjörð
Ásbergsdóttir

Fædd 18. febrúar 1934

Dáin 30. apríl 2023



Útför frá Vídalínskirkju
þriðjudaginn 16. maí 2023

Forspil

Air

J. S. Bach

Bæn

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín. Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér.
Því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinnsson / H. Farrar / B. Welch



Guðspjall

Liljan

Þorsteinn Gíslason / Norskt lag



Minningarorð

Sofðu rótt, sofðu rótt, nú er svartasta nótt.
Sjáðu sóleyjarvönd, geymdu hann sofandi í hönd.
Þú munt vakna með sól, guð mun vitja um þitt ból.
Þú munt vakna með sól, guð mun vitja um þitt ból.

Góða nótt, góða nótt! Vertu gott barn og hljótt.
Meðan yfir er húm, situr engill við rúm.
Sofðu vært, sofðu rótt, eigðu sælustu nótt.
Sofðu vært, sofðu rótt, eigðu sælustu nótt.

Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi / J. Brahms

Bæn og Faðir vor

Heyr himnasmiður hvers skáldið biður.
Komi mjúk til mín miskunnin þín.
Því heiti' eg á þig, þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn, þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig, að græðir mig.
Minnst mildingur mín, mest þurfum þín.
Ryð þú röðla gramur, ríkyndur og framur,
hölds hverri sorg úr hjarta borg.

Gæt, mildingur mín, mest þurfum þín,
helst hverja stund á hölda grund.
Set, meyjar mögur, málfefni fögur.
Öll er hjálp af þér í hjarta mér.

Kolbeinn Tumason / Þorkell Sigurbjörnsson

Moldun